



Skýrsla fyrir úrlausn vankanta

Heiti verkefnis: Hvalárvirkjun

Uppsett afl: 55 MW

Land: Ísland



Bakhjarl verkefnisins: VesturVerk

Höfundur skýrslu: Dr. Bernt Rydgren, Pelle

Bågesund

Dagsetning skýrslu: 17. júní 2025



Matsyfirlit	Hvalárvirkjunarverkefnið undirgekkst mat í september 2024 þar sem notast var við HS-sjálfbærnistaðalinn fyrir vatnsaflsvirkjanir. Framkvæmdin uppfyllti allar lágmarkskröfur, en matið greindi að alls voru 17 ítarlegar kröfur HS-sjálfbærnistaðalsins ekki uppfylltar. Frá því að drögin að matsskýrslunni voru afhent 16/10/2024 hefur VesturVerk unnið að því að bregðast við ábendingum í tengslum við hluta ítarlegu krafanna, sem og að því að styrkja stjórnskipulag fyrirtækisins með þeim hætti sem myndi styðja við örlítið breytt orðalag fyrir einkunnagjöf fyrir sumar viðbótarkröfur, og nýtti sér til þess tilgreindan tímaramma til að bregðast við vanköntum samkvæmt HS-vottunarkerfinu. Þessi skýrsla segir til um hvort matsteymið telji að framkvæmdin hafi uppfyllt fleiri kröfur en í upprunalegri bráðabirgðaskýrslu. Yfirferðin fór fram í júní 2025 í samræmi við tímarammann fyrir leiðréttingu vankanta sem gefinn var upp í HS-vottunarkerfinu. Niðurstöðurnar eru birtar hér að neðan í samræmi við aðgerðir og árangursmælikvarða sem tilgreind voru í matsskýrslunni frá október 2024. Matið greindi enga verulega vankanta þegar horft var til lágmarkskrafna og framkvæmdin uppfyllir allar ítarlegri kröfur að undanskildum 10. Hins vegar eru margar lágmarkskröfur og ítarlegar kröfur aðeins uppfylltar með skilyrðum – háð árangursríkri innleiðingu á yfirstandandi undirbúningi á umhverfis- og samfélagsstjórnunaráætlunarramma og innleiðingu hans í ítarlegar stjórnunaráætlanir valins/valinna verktaka áður en framkvæmdir hefjast. Þar var mesta áhyggjuefnið mikil andstaða gegn framkvæmdunum á meðal hluta íbúa svæðisins. Framkvæmdin er aftur á móti besta mögulega lausnin á viðunandi raforkuframboði á Vestfjörðum í heild sinni og því er vonandi hægt að leysa þetta vandamál með frekari upplýsingum og samráði. Þetta sýnir að brugðist hefur verið með fullnægjandi hætti við 7 af 17 vanköntum sem hafa því verið leiðréttir. Lokamatsskýrslan hefur verið endurskoðuð, og mælt hefur verið með gullvottun.
Markmið skýrslu fyrir úrlausn vankanta	Í samræmi við HS-vottunarkerfið skráir skýrslan fyrir úrlausn vankanta hvernig brugðist hefur verið við frávikum/vanköntum sem voru tilgreind eftir upphaflegt bráðabirgðamat og vettvangsferð. Forsvarsaðilar verkefnisins hafa átta mánuði til að innleiða aðgerðaáætlunina fyrir lágmarkskröfur og leiðréttu alla vankanta. Ef ekki er leyst úr þeim þarf að framkvæma nýtt mat. Ef úrlausn máls er ásættanleg staðfestir viðurkenndur matsaðili (e. Accredited Assessor) aðgerðir til úrbóta og sendir inn uppfærða matsskýrslu, ásamt skýrslu fyrir úrlausn vankanta, til HS Secretariat, innan tíu mánaða frá matinu á vettvangi. HS Secretariat vinnur úr skýrslunum og stuðningsgögnum og virkjar hið opna umsagnarferli innan 12 mánaða frá matinu á vettvangi. Skýrslan fyrir úrlausn vankanta er birt á netinu ásamt upphaflegu matsskýrslunni. Eftir það geta málsvarar framkvæmdarinnar sótt um HS-vottun.

	Þessi skýrsla uppfyllir hluta 3.4 í HS-vottunarkerfinu .
Endurskoðuð matsskýrsla	Uppfærðu matsskýrsluna er að finna á vefsvæði HSA www.hs-alliance.org . Þessi skýrsla fyrir úrlausn vankanta verður birt á netinu ásamt uppfærðu matsskýrslunni.
Uppsetning skýrslu fyrir úrlausn vankanta	Skýrslan fyrir úrlausn vankanta veitir ítarlega samantekt á verulegum vanköntum sem greindust við mat á staðnum í september 2024, aðgerðum til úrbóta sem málsvari framkvæmdarinnar greip til og mati viðurkennds aðalmatsaðila á því hvort þessir vankantar hafi verið leiðréttir á skilvirkan hátt.

Niðurstöður fyrir úrlausn vankanta

Aðgerðaáætlun í tengslum við umhverfi og samfélag, október 2024					Mat á úrlausn vankanta, júní 2025	
Hluti	Ítarlegar kröfur	Aðgerð(ir)	Ábyrgð	Mælikvarði um árangur	Niðurstöður	Uppfyllt?
1.	Matið sýnir mikla áherslu á samfélagslegar og umhverfislegar þarfir, stefnur og áætlanir, þar á meðal þörfina á sjálfbærri þróun vatnasviðsins og samþættri stýringu vatnsauðlinda	Áframhaldandi samskipti og samráð við staðbundna hagsmunaaðila og aðgerðir sem gripið er til í samræmi við möguleg vandamál sem upp koma. Þetta er gert til að draga úr áhrifum framkvæmda á staðbundna hagsmunaaðila (og þar af leiðandi andstöðu við framkvæmdina).	VesturVerk / HS Orka	Minni andstaða í nærsamfélaginu sem leiðir til áframhaldandi stuðnings við framkvæmdina af hálfu sveitarstjórnar.	Tilraunir verktaka til að bregðast við áhyggjum sumra staðbundnu hagsmunaaðilanna og áframhaldandi þróun ESMP-ramma sýna mikla áherslu verktakans á að leysa úr vandanum, og því er litið svo á að þessi krafa sé uppfyllt.	✓
4.	Matið tekur tillit til fjölbreyttra sjónarmiða, bæði áhættu og tækifæra í tengslum við lýðheilsu				Í tengslum við yfirstandandi samtals- og samráðsferli sem miðar að því að bregðast við áhyggjum og óskum nærsamfélagsins er byrjað að meta og bregðast við sumum áhyggjuefnum samfélagsins, en ekki öllum. Hávaði og ryk af völdum umferðar á framkvæmdatíma er helsta áhyggjuefnið hvað varðar lýðheilsu. Unnið er að því að finna lausnir samhliða umsóknum um framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdir, sem mun taka á þessum áhyggjum og draga úr áhættu. Því er litið svo á að krafan sé uppfyllt með skilyrðum en mun breytast í „ekki uppfyllt“ ef ekki er brugðist með viðeigandi hætti við áhyggjum af heilsu sem tengjast hávaða og ryki áður en vegagerð hefst.	
4.	Ferli eru til staðar til að sjá fyrir og bregðast við aðsteðjandi áhættu og				Endurbætt alhliða stjórnunarferli sem eru í gildi hjá VesturVerki / HS Orku leiðréttu þennan vankant í sameiningu.	

Aðgerðaáætlun í tengslum við umhverfi og samfélag, október 2024					Mat á úrlausn vankanta, júní 2025	
Hluti	Ítarlegar kröfur	Aðgerð(ir)	Ábyrgð	Mælikvarði um árangur	Niðurstöður	Uppfyllt?
	tækifærum sem upp kunna að koma í tengslum við samfélög sem framkvæmdin hefur áhrif á og ávinning framkvæmdarinnar					
9.	Kveðið er á um viðmið fyrir sjálfbærni og varnir gegn spillingu í undirbúningsrýningu fyrir þátttöku í útboði	Þróa verkferla í stjórnunarkerfinu sem krefjast þess að viðmið fyrir varnir gegn spillingu séu hluti af undirbúningi fyrir þátttöku í útboði.	Innkaupafulltrúi VesturVerks / HS Orku	Sýnt fram á innleiðingu verkferla í stjórnunarkerfið	Gögn hafa verið lögð fram.	✓
9.	Kappkostað er að gera ráðstafanir gegn spillingu við áætlanagerð í tengslum við innkaup					
12.	Mat á þoli felur í sér næmisgreiningu og gerð vatnafræðilíkana fyrir framkvæmdina með notkun viðurkenndra loftslagslíkana	Næmisgreining sem byggir á þremur sviðsmyndum um losun sem Veðurstofan notar við gerð loftslagslíkana	Utanaðkomandi ráðgjafi	Skýrsla með prófun að minnsta kosti þriggja sviðsmynda.	Framlögð gögn sýna fram á að verið er að vinna að lausn aðgerðarinnar.	✓
12.	Við ráðstafanir til að auka þol er höfð hliðsjón af margvíslegum áhættuþáttum og innbyrðis tengslum	Bæta við sviðsmyndum í tengslum við öryggi stífla, byggðar á loftslagslíkönum	Utanaðkomandi ráðgjafi	Skýrsla um þær sviðsmyndir sem prófaðar eru.	Framlögð gögn sýna fram á að verið er að vinna að lausn aðgerðarinnar.	✓